

Verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar
Stefán Gíslason
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Reykjavík, 19. apríl 2016

Umsögn um drög að tillögu verkefnisstjórnar um flokkun virkjunarkosta

Í 3. gr. laga nr. 48/2011 um rammaáætlun kemur fram að „í verndar- og orkunýtingaráætlun skal í samræmi við markmið laga þessara lagt mat á verndar- og orkunýtingargildi landssvæða og efnahagsleg, umhverfisleg og samfélagsleg áhrif nýtingar.“

Drög að lokaskýrslu sem lögð voru fram af hálfu verkefnisstjórnar til kynningar þann 31. mars sl. byggja eingöngu á vinnu faghópa 1 og 2 sem fjalla um náttúru- og menningarminjar annars vegar og hins vegar um aðra nýtingu en orkuvinnslu eins og vegna ferðaþjónustu, útivistar og landbúnaðar. Ekki er fjallað um eða tekið tillit til efnahagslegra og samfélagslegra áhrifa nýtingar. Orkusalan gerir athugasemdir við þessi vinnubrögð og mótmælir því að ekki er farið fram í anda laganna.

Orkusalan óskaði eftir því að tveir virkjanakostir yrðu teknir til mats í 3. áfanga rammaáætlunar. Um er að ræða Hólmsárvirkjun við Einhyrning án miðlunar og Hólmsárvirkjun neðri með miðlun við Atley sem er sú útfærsla sem horft er til að byggja.

Allt frá árinu 2002 hafa Orkusalan (áður RARIK) og Landsvirkjun staðið sameiginlega að rannsóknum vegna hugsanlegrar virkjunar í Hólmsá. Ástæðan fyrir því að fyrirtækin hafa horft til þess að virkja Hólmsá má rekja til niðurstöðu fyrsta áfanga rammaáætlunar frá haustinu 2003. Þar er Hólmsá, ásamt 18 öðrum kostum, talin í flokki A – minnst umhverfisáhrif. Vert er að geta þess að virkjanakostir voru flokkaðir í fimm flokka – mest umhverfisáhrif, meiri, meðal, lítil og minnst. Í þeirri útfærslu var gert ráð fyrir veitu vatns milli vatnasviða (frá Hólmsá yfir í Tungufljót). Í kjölfar ábendinga frá heimamönnum var ákveðið að kanna jafnframt aðra útfærslu, þ.e. með miðlunarlóni við Atley og koma þannig í veg fyrir veitu vatns milli vatnasviða. Með henni er frábærni virkjunarinnar veitt niður á Flöguvelli við Flögulón og því nokkuð ljóst að umhverfisáhrif verða enn minni en í fyrstu útfærslu virkjanakostsins. Með þessari útfærslu fær lindárhloti Hólmsár auk þess að njóta sín með fossum sínum frá upptökum að aurum þar sem hún sameinast jökulkvísulum frá Mýrdalsjökli.

Hólmsárvirkjun með miðlunarlóni við Atley er sýnd á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010–2022 sem samþykkt var í sveitarstjórn og staðfest af umhverfisráðherra í nóvember 2011. Tillaga að matsáætlun vegna virkjunarinnar var samþykkt af Skipulagsstofnun um mitt ár 2011.

Það veldur því töluverðum vonbrigðum að Atleyjarútfærslan skuli fá þá umsögn sem raun ber vitni í þriðja áfanga rammaáætlunar, ekki síst í ljósi þess að sá valkostur er ótvírætt umhverfissvænni en sá við Einhamar sem fékk þó mjög góða einkunn í 1. áfanga rammaáætlunar.

Þegar rýnt er í aðferðafræði faghóps 1 kemur í ljós að faghópurinn horfir á Hólmsána sem eitt svæði við mat á verðmæti landssvæða, ekki sem aðskilda virkjanakosti, en horfir síðan á áhrif hvers virkjanakosts á þessi verðmæti. Þeir tveir virkjanakostir sem til umfjöllunar eru í 3. áfanga rammaáætlunar eru þó ekki á sambærilegum svæðum við Hólmsá því annar þeirra snýr að lindárhhluta Hólmsárinnar en hinn að neðsta hluta árinna þar sem hún hefur sameinast jökulvötnum. Efri hluti svæðisins er lítt notaður og ber lítill merki rasks (önnur en beitar) á meðan að neðri hluti svæðisins er í blómlegri byggð. Að meta svæðið sem eina heild er því vandkvæðum bundið, sér í lagi þegar litlu virðist skipta hvort virkjað er á efsta hluta svæðisins eða neðsta hluta þess, utan byggðar eða í byggð.

Niðurstaða faghóps 1 er reyndar sú að Hólmsárvirkjun við Atley (í byggð) hefur hærra áhrifamat á Hólmsársvæðið en Hólmsárvirkjun við Einhyrning án miðlunar (þar sem vatni er t.d. miðlað milli vatnasvæða yfir í þekktu veiðiá) eins og sést á mynd 3 yfir áhrifamatseinkunnir fyrir virkjanakosti. Hólmsárvirkjun fær lélegar einkunnir fyrir jarðminjar og vatnafar þrátt fyrir að virkjunin verði t.d. ekki nálægt eldfjöllum, gígum og jökulruðningum auk þess sem lindum, vötnum og tjörnum verður að mestu hlíft og ekki er um vatnaflutninga að ræða yfir í Tungufljótið.

Einkunnagjöf faghóps 2 vekur einnig undrun. Eru þar einkum þrjár þættir sem staldrað er við: Mat og áhrif virkjunar við Atley á beitarland, veiðihlunnindi og ferðamennsku.

Faghópur 2 metur beitarhlunnindi á svæði sem verður fyrir áhrifum vegna virkjunar Hólmsár við Atley sem 10 (mjög gott beitar- og/eða ræktunarland) í töflu 19. Þetta mat virðist í algerrri þversögn við mat Náttúrufræðistofnunar í skýrslu um gróður og vistgerðir Atleyjarlóns (bls. 19) á því landi sem fara mun undir vatn en þar kemur m.a. fram að 50% af lónsstæðinu sé eyðiland, farvegir ána þekja 7%, kjarr er 5%, og mólendi og mosi þekja afganginn.

Við virðismat veiðihlunninda hjá faghópi 2 eru veiðihlunnindi Hólmsár við Atley og Hólmsár án miðlunar lögð að jöfnu. Í skýrslu Veiðimálastofnunar um fisk- og smádýrarannsóknir kemur þó fram að áhrif virkjunar við Atley muni hafa lítill áhrif á veiði og veiðihlunnindi: „Á þessum kafla Hólmsár og raunar alveg frá ármótum Leirár að Hólmsárfossi er engin veiði stunduð“ [bls. 22] og úr sömu skýrslu: „Af þeim hugmyndum sem hafa verið til skoðunar um virkjun Hólmsár er ljóst að sá kostur sem er til skoðunar núna með miðlun við Atley hefur mun minni áhrif á veiði en eldri hugmyndir sem byggðust á því að veita vatni úr Hólmsá yfir í Tungufljót,“ [bls. 23]. Þessi niðurstaða Veiðimálastofnunar speglast engan veginn í virðismati veiðihlunninda á mynd 28 eða matinu á veiðihlunnindum á mynd 29 í skýrslu 3, áfanga rammaáætlunar.

Við mat á áhrifum virkjunar við Atley á ferðamennsku er gott að hafa í huga að í skýrslu um áhrif Hólmsárvirkjunar á ferðamennsku og útivist kemur eftirfarandi fram: „Þó að virkjunin og meðfylgjandi mannvirki rýri svæðið þá hefur hún takmörkuð áhrif á þau svæði sem nú eru mest nýtt af ferðamönnum og ferðaþjónustunni. Þar vegur þyngst að þessi útfærsla virkjunarinnar hefur ekki áhrif á Hólmsárfoss og að mest nýtt svæðið fyrir ferðamennsku og útivist er aðeins norðan og vestan

við framkvæmdasvæðið.“ [bls. 106]. Þó að faghópurinn geri vissulega greinarmun á vægi áhrifa af virkjun Hólmsár án miðlunar og virkjun Hólmsár við Atley er munurinn þó ekki ríkari en svo að svæðið þar sem fáir ferðamenn koma fær hærri afleiðingarstuðul en til dæmis svæði sem þegar er nýtt til ferðaþjónustu í formi siglinga, eins og sést á mynd 26 um áhrif virkjana á ferðamennsku og útivist (samanlagður afleiðingarstuðull).

Sé frekari upplýsinga óskað verða þær góðfúslega veittar.

Virðingarfyllt,



Magnús Kristjánsson,
Framkvæmdastjóri Orkusölnunnar ehf.

Í umsögninni er vitnað í eftirfarandi skýrslur:

Hólmsárvirkjun – Atleyjarlón. Náttúrufarsyfirlit um gróður og vistgerðir. Rannveig Thoroddsen, Guðmundur Guðjónsson, Borgþór Magnússon og Sigurður H. Magnússon. NÍ-11005. Júní 2011.

Fisk- og smádyrarannsóknir í Hólmsá 2011. Benóný Jónsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir. Veiðimálastofnun. Nóvember 2012.

Áhrif Hólmsárvirkjunar á ferðamennsku og útivist. Anna Dóra Sæþórsdóttir og Rögnvaldur Ólafsson. Háskóli Íslands. Febrúar 2012.